

60. fundur stjórnar FUM, Félags um menntarannsóknir, haldinn mánudaginn, 13. október 2008, kl. 15:30, í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ, Bolholti 6, Reykjavík.

Fundinn sátu: Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún Rúnarsdóttir, Meyvant Þórólfsson, Sigurjón Mýrdal, Sigurlína Davíðsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Orðasafn á sviði menntunarfræða. Formaður og ritari lögðu fram minnisblað um stofnun íðorðanefndar á sviði menntunarfræða. Stjórnin samþykkir að stofna fljótlega nefnd um íðorðavinnu. Í erindi frá fyrrverandi rektor KHÍ frá 1. apríl sl. kom fram að skólinn tilnefnir Baldur Sigurðsson, dósent, og Þuríði Jóhannsdóttur, lektor, sem fulltrúa skólans í slíka nefnd. Samþykkt að Gerður G. Óskarsdóttir verði annar af tveimur fulltrúum FUM í nefndinni. Formaður og ritari tóku að sér að koma með tillögu um annan fulltrúa frá félaginu. Einnig samþykkt að senda erindi til Kennarasambands Íslands um þátttöku.
3. Starfið í vetur. a) Námskeið: Formaður greindi frá því að ekki hafi reynst næg þátttaka í námskeiði fyrir rannsakendur um Word sem auglýst var nýlega. Ákveðið að auglýsa aftur síðar í þessum mánuði slíkt námskeið og einnig stutt námskeið um notkun annarra tölvuforrita, s.s. Nvivo, EndNote, Exel og SPSS. Þau verði haldin á laugardögum í nóvember, eitt í einu.
b) Fyrirlestra- og fræðslustarf um menntarannsóknir: Í gangi er athugun á möguleikum á slíku starfi í samvinnu við fagfélög kennara. Rætt nánar á næsta fundi.
c) Félagaskrá og innheimta: Verið er að uppfæra félagaskrá. Staða innheimtu verður könnuð á næstunni. Innheimta félagsgjalda 2008 er í undirbúningi.
d) Heimasíða félagsins: Ákveðið að setja lista yfir rannsóknastofur á sviði menntunarfræða við HÍ inn á síðuna og krækjur í heimasíður þeirra.

Sigurjón Mýrdal vék af fundi kl. 16:00.

4. Tímarit FUM. a) Formaður bar þær fréttir frá ritstjóra að búið væri að ritrýna 11 greinar (tók um einn mánuð) og að höfundar hafi nú greinar sínar til skoðunar.
b) Formaður sendi öllum leikskólum, grunnskólum og bókasöfnum í landinu erindi í tölvupósti um tímarit FUM. Í framhaldinu hafa nú borist óskir frá 30 aðilum um að gerast ákrifendur að ritinu. Nú eru því um 50 áskrifendur að ritinu, auk félaga í FUM sem eru um 320 talsins.
c) Formaður lagði fram endurskoðaða tillögu að *Erindisbréfi fyrir ritnefnd Tímarits um menntarannsóknir 2008 – 2009*. Tillagan var samþykkt.
d) Formaður lagði fram tillögu að verkreglum fyrir tímaritið. Þær fjalla m.a. um hverjum er sent ritið, skrá yfir áskrifendur, reikninga, lista yfir ákrifendur á heimasíðu FUM og dreifingu ritsins. Verkreglurnar samþykktar.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn mánudaginn, 10. nóvember nk., kl. 15.30, í Bolholti 6.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.30.
G.G.Ó.